

Alma D. Möller
heilbrigðisráðherra
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. apríl 2026
Mál nr. F3/2026

Nýlega barst umboðsmanni Alþingis ábending þess efnis að tiltekinn hópur fatlaðra ætti þess ekki kost að nýta sér svonefndar heilbrigðisgáttir, til dæmis Heilsuveru. Þessu ylli sú staðreynd að ekki væru gefin út svonefnd umsýslumboð, sbr. 17. tölulið 3. gr. laga nr. 55/2009, um sjúkraskrár.

Með breytingalögum nr. 97/2024, um breytingu á lögum um sjúkraskrár, nr. 55/2009 (umsýslumboð), var ákvæðum bætt við lög nr. 55/2009 í þeim tilgangi að tryggja jafnt aðgengi að stafrænni þjónustu heilbrigðiskerfisins. Með lögnum bættist meðal annars við 17. töluliður 3. gr. laga nr. 55/2009 en með honum er hugtakið *umsýslumboð* skilgreint á þá leið að það feli í sér heimild til takmarkaðs aðgangs að heilbrigðisgáttum fyrir hönd einstaklings, 16 ára og eldri, sem sé ófær um að nota rafræn skilríki og/eða rafrænar gáttir. Þá eru í 14. gr. a sömu laga, sem jafnframt var bætt við með áðurnefndum breytingalögum, ákvæði um skráningu, veitingu og afturköllun umsýslumboðs. Samkvæmt 9. mgr. umræddrar 14. gr. a skal ráðherra með reglugerð kveða nánar á um umsýslumboð, meðal annars um framkvæmd, veitingu, afturköllun, takmörk og gildistíma þess, miðlun upplýsinga um veitt umsýslumboð, aðkomu persónulegs talsmanns og eftirlitsheimildir landlæknis. Í 2. mgr. sömu greinar er jafnframt gert ráð fyrir að í reglugerð, sem ráðherra setji, sé nánar kveðið á um framkvæmd mats sérfræðilæknis á því hvort hægt sé að leiða vilja einstaklings í ljós áður en umsýslumboð samkvæmt 1. mgr. greinarinnar er veitt. Ekki verður séð að reglugerð þessi hafi verið sett.

Með hliðsjón af framangreindu og með vísan til 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, er þess óskað að heilbrigðisráðuneytið veiti umboðsmanni neðangreindar upplýsingar og skýringar.

1. Að upplýst verði hvers vegna reglugerð um umsýslumboð, sem samkvæmt framangreindu er kveðið á um að ráðherra skuli setja, hefur enn ekki verið sett. Er hér haft í huga að liðin eru hátt í tvö ár frá því að tilvitnuð ákvæði, sem kveða á um setningu reglugerðar um umsýslumboð, voru sett í lög. Jafnframt verði upplýst hvenær þess sé að vænta að reglugerðin verði sett.

2. Að upplýst verði hvort gefin hafi verið út umsýslumboð samkvæmt 14. gr. a laga nr. 55/2009 eftir að ákvæðið bættist við lögin. Hafi það ekki verið gert, er þess óskað að upplýst verði hvort sú staðreynd að framangetin reglugerð hefur ekki verið sett hafi staðið í vegi fyrir slíkri útgáfu. Hafi slík umboð ekki verið gefin út, er þess jafnframt óskað að upplýst verði hvort einstaklingar, 16 ára og eldri, sem eru ófærir um að nota rafræn skilríki og/eða rafrænar gáttir geti nýtt sér heilbrigðisgáttir með öðrum hætti.
3. Hafi umsýslumboð ekki verið gefin út og einstaklingum, 16 ára og eldri, sem eru ófærir um að nota rafræn skilríki og/eða rafrænar gáttir ekki verið kleift að nýta sér heilbrigðisgáttir með öðrum hætti, er þess óskað að ráðuneytið lýsi afstöðu sinni til þess hvort og, ef svo er, hvernig slíkt samrýmist lögum.

Þess er óskað að svör berist umboðsmanni eigi síðar en 15. maí nk.

Virðingarfyllt,

f.h. umboðsmanns Alþingis


Þorsteinn Davíð Stefánsson